



Byggðasafn Dalamanna

Ársskýrsla 2016

Stjórn safnsins

Samkvæmt stjórnskipun sveitarfélagsins Dalabyggðar fer Menningar- og ferðamálanefnd með málefni Byggðasafns Dalamanna.

Í árslok skipuðu menningar- og ferðamálanefnd Valdís Gunnarsdóttir í Búðardal, Ólafur Skagfjörð Gunnarsson í Þurranesi, Sigrún Hanna Sigurðardóttir í Lyngbrekku, Sigurður Bjarni Gilbertsson í Búðardal og Svana Hrönn Jóhannsdóttir í Búðardal. Í varastjórn eru Jóhanna Sigrún Árnadóttir á Stóra-Vatnshorni, Helga Elínborg Guðmundsdóttir á Erpsstöðum, Halla Sigríður Steinólfsdóttir í Ytri-Fagradal, Eyjólfur Ingvi Bjarnason í Ásgarði og Rebecca C. K. Ostenfeld í Hólum.

Fjórir fundir voru hjá menningar- og ferðamálanefnd árið 2016, á engum þeirra komu málefni Byggðasafns Dalamanna til umræðu. Ársskýrsla safnsins fyrir árið 2015 var afhent sveitarfélaginu, en kom ekki til umræðu eða samþykktar nefndarinnar.

Starfsfólk og sjálfbóðaliðar

Safnvörður í 55% starfshlutfalli er Valdís Einarsdóttir safnastjóri Dalabyggðar. Safnastjóri er jafnframt í 30% starfshlutfalli sem héraðsskjalavörður hjá Héraðsskjalasafni Dalasýslu og 15% starfshlutfall hjá sveitarfélaginu Dalabyggð við ýmis sérverkefni, vefstjórn og fleira.

Sigríður Ósk Jónsdóttir og Sigurdís Katla Jónsdóttir úr Vinnuskóla Dalabyggðar unnu að hluta til á safninu í júní og júlí við tiltekt, umpökkun ljósmynda og móttöku gesta.

Um eftirlit og minna viðhald sá Viðar Þór Ólafsson verkstjóri Dalabyggðar. Um endurbætur á húsnæði safnsins sá Svavar Garðarsson.

Sjálfbóðaliðar í sumaropnun voru Sigríður Ósk Jónsdóttir, Svaborg Þuríður Einarsdóttir og Halla Sigríður Steinólfsdóttir. Og sem fyrri ár var Arndís Erla Ólafsdóttir í Ásgarði safninu innan handar um ýmislegt.

Stofnskrá og stefnumörkun

Byggðasafn Dalamanna starfar samkvæmt safnastefnu sinni fyrir árin 2013-2017. Markvisst er unnið eftir safnastefnu og öðrum stefnum safnsins. Á árinu 2017 er áætlað að endurskoða stefnumörkun safnsins til næstu fimm ára.

Safnkostur og skráningar

Skráðar voru 338 ljósmyndir og 90 munir í Sarp á árinu og aðeins bætt við ljósmyndum af áður skráðum munum. Alls voru því skráðir í árslok 1.810 munir og bækur og 1.973 ljósmyndir í Sarp.

Ekki er til nákvæm skrá yfir fjölda óskráðra muna í Sarp, en áætlað er að það séu um 300 munir og 500 ljósmyndir. Stór hluti óskráðra muna í Sarp koma úr stórum afhendingum, sem eftir er að yfirfara betur. Óvíst hvort náist að vinna þetta upp á árinu 2017.

Í aðfangabók eru skráðar 19 afhendingar muna og 10 afhendingar ljósmynda.